

Alþingi  
Erindi nr. P 127/887  
komudagur 26.2.2002



Nefndarsvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 19. febrúar 2002.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.**

Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu um rannsóknir á útbreiðslu, stofnstærð og veiðipoli kúfskeljar.

Það er skoðun FÍN að rannsóknir séu forsenda sjálfbærrar nýtingar á kúfskel við landið og er FÍN eindregið fylgjandi því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

FÍN vill þó benda á að ekki er hægt að gefa sér að niðurstöður vistfræðirannsókna tryggi rekstraröryggi ákveðinna veiðiréttarhafa sbr. markmið í ofangreindri þingsályktunartillögu. Með vistfræðirannsóknum er hins vegar hægt að lýsa því umhverfi sem rekstraraðili þarf að miða rekstur sinn við. FÍN tekur ekki afstöðu til þess hvaða veiðaréttarhöfum sé tryggt rekstraröryggi en styður eindregið sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga,

*Ína Björg Hjálmarsdóttir*

Ína Björg Hjálmarsdóttir  
Formaður FÍN

*Ingvar Atli Sigurðsson*

Ingvar Atli Sigurðsson  
Formaður umhverfisnefndar FÍN